



Til:
Efni:
Upplýsingar:

bogi@dalir.is
Umsögn um lýsingu á deiliskipulagstillögu að Laugum í Sælingsdal
Sent: 11/03/2016 09:13:45 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2016020011, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2016020011

Vísað er til bréfs frá Dalabyggð, dags. 4. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu á deiliskipulagstillögu að Laugum í Sælingsdal.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við að gert sé deiliskipulag það sem um er rætt. Náttúrufræðistofnun bendir á að við vinnslu deiliskipulagsins verði gætt að þeim ákvæðum í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 sem kunna að eiga við, eftir því hvernig skipulagið verður útfært, s.s. hvað varðar t.d. jarðfræði og landslag (3.gr.) og votlendi og annað náttúrufar sbr. 61. gr.

Eitt svæði er á náttúruminjaskrá, nr. 232, í dalnum en er þó fjarri deiliskipulagsreit, þ.e. „Tungustapi, Dalabyggð (áður Hvammshr.), Dalasýslu. (1) Klettastapi fyrir miðjum Sælingsdal, milli Gerðis og Sælíngstungu. (2) Áberandi einkenni í landi og vætti í íslenskum þjósögum.”

Beðist velvirðingar á hve dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson
Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

